



Nefndasvið Alþingis
B.t. Allsherjar og menntamálanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Sent með tölvupósti á netfangið
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 26. maí 2021.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um happdrætti Háskóla Íslands og lögum um happdrætti (bann við spilakössum). Þingskjal 1086, 629. mál.

Slysavarnafélagið Landsbjörg (Landsbjörg) fagnar allri umræðu um breytingar á happdrættislögum.

SL telur þó mikilvægt að sá starfshópur sem skipaður hefur verið af dómsmálaráðherra og fjalla á um happdrætti og fjárhættuspil, fái að ljúka sinni vinnu áður en frumvarp er sett fram.

Í starfshóp dómsmálaráðherra sitja aðilar tilnefndir af Samtökum áhugafólks um spilafíkn og happdrættisfyrirtækjum ásamt fulltrúum hins opinbera. Samkvæmt tilkynningu frá ráðuneytinu er starfshóp ætlað að gera tillögu til ráðherra um breytingar á lögum og reglugerðum um happdrætti. Hópnum er ætlað að skila fyrstu tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. júní.

Landsbjörg telur mikilvægt að beðið sé eftir niðurstöðum starfshóps áður en gerðar eru breytingar á lögum um happdrætti.

Virðingarfyllst,

f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Kristján Þór Harðarson

framkvæmdastjóri